

Nd.

13. Tillaga til þingsályktunar

[13. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka afskipti ráðunauts ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum af lánveitingamálum bankanna.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Deildin ályktar að skipa nefnd innandeildarþingmönnum til að rannsaka, hver afskipti sá ráðunautur í efnahagsmálum, er ríkisstjórnin réð s. l. sumar, og þar með hún sjálf hafi haft af lánveitingastarfsemi bankanna. Þessi nefnd hefur rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af embættismönnum og einstökum mönnum.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin ákvað s. l. sumar að ráða sér ráðunaut í efnahagsmálum. Fyrir valinu varð dr. Benjamín nokkur Eiríksson. Var hvort tveggja jafnsnemma gert, að ákveða starfið og ákveða þennan mann í það. Ekki hafði ríkisstjórnin rætt það við Alþingi, er þá var nýafstaðið, að þörf væri þessarar ráðningar.

Dr. Benjamín Eiríksson hafði fram til þess að hann var ráðinn í þetta embætti verið starfsmaður hjá banka í Ameríku, sem amerísk auðfélög eiga að mestu og ráða alveg. Hann hafði sem starfsmaður þess banka komið hingað til lands með þau fyrirmæli um gengislækkun, sem gerð voru að lögum 19. marz 1950. Í greinargerð fyrir þeim lögum hafði hann fengið tækifæri til að sýna þekkingu sína á íslenzkum fjárhags- og atvinnumálum. Hafði honum missýnzt mjög í þeim efnum, reiknað skakkt í útreikningum sínum og brostið þekkingu til að skilja nauðsyn íslenzks þjóðfélags hvað atvinnuþróun snerti. Komu hörmulegar afleiðingar þeirra mistaka brátt fram á almenningi.

Síðan hafði þessi erindreki hins ameríska banka tekið þátt í ýmiss konar samningum, sem ríkisstjórnin átti í við bankann veturinn 1950—51 og lauk með vissum fjárgjöfum og lánum til ríkisstjórnarinnar og „leyfum“ til hennar um, hvernig hún mætti haga sölu gjaldeyris þess, sem nú er nefndur „bátaútvegsgjaldeyrir“. Setti hinn ameríska banki viss skilyrði fyrir fjárveitingum þessum, svo sem upplýst var á síðasta Alþingi, og sýndi þar með, að hann vildi ýmsu ráða um íslenzkt atvinnu- líf, launakjör og lánsfjárstefnu.

Skömmu síðar var svo hinn nefndi Benjamín Eiríksson frá því að vera starfsmaður og erindreki hinnar ríku og völdugu erlendu peningastofnunar, sem ríkisstjórnin átti svo mikið undir að sækja, ráðinn ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Eigi skal getum að því leitt, hvort slík ráðning hafi verið eitt af skilyrðum hins ameríska banka.

Eftir ráðningu þessa ráðunauts gerist það, að hert er hálfu meir en fyrr á þeirri lánsfjárröppu, sem að óþörfu og til ills eins hefur verið komið á í landinu og rýrir nú lífsafkomu fjölda fólks, stofnar eignum manna í hættu og dregur úr allri atvinnu og framleiðslu. En það hafði verið eitt af kenningaratriðum ráðunautsins, er hann flutti boðskap hins ameríska banka hingað, að hindra eðlilega þróun lánveitinganna, sem hin mesta nauðsyn er á hjá þjóð, sem er að byggja land sitt eftir að hafa tekið við því tiltölulega snauðu að húsum og hvers konar mannvirkjum.

Liggur nú sá grunur á, að nefndur ráðunautur hafi reynt að hafa áhrif á bankana í þá átt að hindra eðlilegar lánveitingar, og ólíklegt er, að hann hafi getað haft slík áhrif, nema hann að einhverju leyti beitti fyrir sig áhrifavaldi þeirrar peningastofnunar, sem hann áður var starfsmaður hjá. En slíkt myndi auðvitað á engan hátt samrýmast skyldu hans sem starfsmanns íslenzka ríkisins, — ef hann er það að meiru en nafni og launum.

Þar sem lánsfjávandamálið er eitt þýðingarmesta fjárhagsmál þjóðarinnar nú og hlýtur að koma til kasta Alþingis, er nauðsynlegt að fá krufið til mergjar, hvort þessi ráðunautur hefur haft slík afskipti af bönkunum sem hér er sagt, hvort hann gerir það í nafni ríkisstjórnarinnar og þá með hvaða heimild slíkt er gert, — eða hvort hann er að gera slíkt í nafni annarra aðila, sem ekkert hafa um starfsemi íslenzkra banka að segja og eiga ekki heldur að ráða gerðum hans.

Til þess að komast að því sanna í þessu efni þarf deildin að láta rannsaka þetta mál til hlítar, og því er tillaga þessi fram borin.